



# GRÝTUBAKKAHREPPUR

Túngötu 3 – 610 Grenivík – Sími 414-5400  
www.grenivik.is

## Reglur um viðbótargáma undir úrgang

Fasteigna eigendur í Grýtubakkahreppi greiða fyrir almenna sorphirðu með sorpgjaldi sem innheimt er með fasteignagjöldum.

Þurfi menn viðbótarþjónustu, s.s. opna krókgáma, gilda eftirfarandi reglur;

- Sveitarfélagið útvegar gáma og greiðir leigu, þó þannig að sveitarfélagið greiðir að hámarki fyrir 2 gáma á ári fyrir hvern aðila, og að hámarki leigu í tvær vikur á hvorn gám. Leiga umfram það greiðist af notanda.
- Kostnaður við gáma umfram tvo á ári, leiga og flutningur, greiðist af notanda.
- Alla gáma ber að panta hjá þjónustumiðstöð Grýtubakkahrepps.
- Öll skil á gámum skal tilkynna til þjónustumiðstöðvar Grýtubakkahrepps.
- Þjónustumiðstöðin sér um samskipti við Gámaþjónustufyrirtæki. Panti menn gáma beint af Gámaþjónustufyrirtæki bera menn kostnað sjálfir og reikningar fara þá ekki í gegnum Grýtubakkahrepp.
- Reglur þessar gilda jafnt fyrir býli, heimili og lögaðila/fyrirtæki.
- Sveitarstjórn úrskurðar ef upp koma vafaatriði um túlkun á reglum þessum.

Reglur þessar eru staðfestar á sveitarstjórnarfundum 3. febrúar 2020, og taka þegar gildi.

